



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1843
komudagur 12.4.2002

Reykjavík, 12. apríl 2002

Efni: Umsögn félags íslenskra gullsmiða um frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálmum, 620. mál.

Stjórn félags íslenskra gullsmiða fagnar því að fram skuli komið frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálmum, enda um mikilvægt baráttumál félagsins að ræða.

Efnisatriði frumvarpsins eru til þess fallin að styrkja stöðu þeirra sem smíða gripi úr eðalmálmum og gera útflutning skartgripa mögulega. Forsenda útflutnings er gagnkvæmt traust og skýr sönnunarfærsla á því að um eðalmálma sé að ræða. Um þetta eru settar skýrar reglur í frumvarpinu.

Eftirlit og gjaldtaka

Félag íslenskra gullsmiða telur rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum í III. kafla frumvarpsins, sem fjallar um eftirlit og gjaldtöku, sem betur mættu fara.

1. mgr. 10. gr. Heimildir Löggildingarstofu

Hér er Löggildingarstofu og faggiltum skoðunarstofum veitt mjög opin heimild til rannsóknar á starfsstöð. Í greinargerð er reyndar tekið fram að gæta skuli meðalhófs við eftirlitið. Engu að síður verður að gjalda varhug við opnum heimildum af þessu tagi enda nánast um húsleitarheimild að ræða. Gera verður ríkar kröfur til þess að í reglugerð með lögnum verði settar reglur um þetta. Sama gildir raunar um upplýsinga- og afhendingarskyldu skv. 2. mgr.

11. gr. Úrræði Löggildingarstofu

Löggildingarstofu er nauðsynlegt að hafa úrræði til þess að farið sé að lögnum. Samkvæmt þessari grein eru henni fengin úrræði eins og sölubann, og ber þeim sem sölubannið beinist gegn að bera kostnað af því, og síðan heimild til dagsekta. Þessar heimildir eru mjög rúmar og ber að beita af ítrustu varúð og í samræmi við málsmeðferðarreglur sem setja verður í reglugerð.

12. gr. Gjaldtaka

Hér er gert ráð fyrir að auk fastra gjalda greiði stimpilhafi kostnað vegna sýnatöku og greiningar sýna svo og kostnað vegna nauðsynlegra viðbótarrannsókna. Það er sjálfsagt að viðkomandi beri eðlilegan kostnað sem til fellur vegna þessa eftirlitskerfis. Hins vegar

er sem fyrr rétt að benda á að hér eru stjórnvaldinu fengnar mjög opnar heimildir sem verður að takmarka og skýra nánar. Bæði hvað varðar hversu oft á að taka sýni og eins er eðlilegt að setja skýr mörk um hámark slíkrar gjaldtöku og hvað sé eðlilegt að telja til kostnaðar í því sambandi. Ella er hætt við að þessi kostnaður geti keyrt úr hófi en hér er jafnan um lítil fyrirtæki eða einyrkja að ræða sem þola ekki mikinn kostnað af þessum sökum.

Framkvæmd

Vert er að vekja sérstaka athygli á vinnureglum sem beitt er í Danmörku á þessu sviði en þær byggja á sjónarmiðum um sanngirni gagnvart gullsmiðum og meðalhófsreglu í meðferð opinbers valds. Þar gildir að komi í ljós við prófun/sýnatöku að sýnishorn uppfylli ekki kröfur er prófun endurtekin tvisvar áður en gripið er til aðgerða. Þar er einnig fast gjald fyrir slíka sýnatöku og var það nýlega 250 danskar krónur fyrir hverja prufu sem tekin er. Ef kostnaður við slíkt hér á landi verður hærri en í nágrannalöndum er samkeppnisstaða þegar af þeirri ástæðu orðin óhagstæð.

Félagið leggur áherslu á að þeir sem starfa á þessu sviði og lög þessi munu hafa áhrif á fáa sanngjarnan frest til að búa sig undir gildistöku laga og framkvæmd reglugerða sem settar kunna verða á grundvelli laganna. Sérstaklega þarf að þessu leyti að taka tillit til þess að gullsmiðir verða óhjákvæmilega enn um sinn með vörur til sölu sem stimplaðar eru fyrir gildistöku laga og munu þannig ekki uppfylla hin nýju skilyrði. Hafa verður hugfast að slíka stimpla er ekki hægt að afmá. Bregðast verður við þessu sérstaklega með því að heimila áfram, a.m.k. tímabundið, sölu á vörum sem svo háttar um.

Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem að framan eru gerðar styður stjórn Félags íslenskra gullsmiða að frumvarpið verði að lögum.

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra gullsmiða,

Anna María Sveinbjörnsdóttir

Anna María Sveinbjörnsdóttir,
formaður.